

Mál nr 14/2017

Ár 2017, miðvikudaginn 13. september, var haldinn fundur í siðanefnd HRFÍ.

Fyrir var tekið mál nr. 14/2017

X

gegn

Y

og kveðinn upp svohljóðandi úrskurður:

I. Málsmeðferð siðanefndar.

Í erindi kæranda (X) sem barst siðanefnd 11. maí 2017 er farið fram á úrskurð siðanefndar vegna þess að kærða Y hafi gerst brotleg við grundvallarreglur fyrir félagsmenn í HRFÍ með því að para tíkina A við rakkann B þar sem hvorugur hundanna var með gilt augnvottorð né lágu niðurstöður á prcd-PRA prófi fyrir við pörun. Kæran var send kærðu til umsagnar með bréfi dagsettu 8. júní 2017 og henni gefinn frestur til 6. júlí til að skila inn andmælum. Svar barst 21. júní með tölvupósti. Afrit þess var sent kæranda til umsagnar. Kærandi svaraði ekki efnislega en bað um að haldið yrði áfram með málið. Siðanefnd taldi að öll gögn er málið varðaði væru fram komin og ákvað að taka málið til úrskurðar.

II. Helstu málsatvik og ágreiningsefni.

Samkvæmt innsendu pörunarovottorði dagsettu 22. febrúar 2017 var tíkin A pöruð við rakkann B. Við pörunina var hvorugur hundanna með gilt augnvottorð, né lágu fyrir niðurstöður á prcd-PRA prófi. Hundarnir eru af hundakyninu Yorkshire terrier og eru báðir í eigu kærðu. Kærandi telur að með pöruninni hafi kærða gerst brotleg við grundvallarreglur fyrir félagsmenn í HRFÍ. Kærða svaraði því til að hún hefði aðeins búið á Íslandi í fjögur ár og væri byrjandi í ræktun héraendis. Hún hafi ekki vitað að á Íslandi væru sérreglur fyrir tegundina.

III. Forsendur.

Samkvæmt grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ skulu félagsmenn er nota hunda sína til ræktunar vera trúir ræktunarstefnu HRFÍ og vera vel að sér um það ræktunarmarkmið sem gildir fyrir viðkomandi hundakyn og í reglugerð um skráningu í ættbók, reglur sérdeilda varðandi undaneldisdýr segir um hundakynið Yorkshire terrier:

„Augnvottorð: Vottorð má ekki vera eldra en 18 mánaða við pörun (Gildir frá 01.1.2015). Greinist hundur með arfgenga vaxandi sjónurýrnun (PRA) fást hvolpar undan honum ekki ættbókarfærðir. Hundurinn, foreldrar og afkvæmi hans eru sett í ræktunarbann. (Gildir frá 01.09.2012). Undaneldisdýr verða að hafa undangengist DNA próf gagnvart prcd-PRA til að hvolpar fáist skráðir í

ættbók. Óheimilt er að para saman hunda sem greinst hafa sem PRA berar. Heimilt er þó að para hund sem hefur greinst sem PRA beri svo framarlega að hinn hundurinn sé PRA hreinn (Normal clear N/C, Normal clear by partentage N/C/P). (Gildir frá 01.1.2015)”

Óumdeilt er að á þeim tíma sem pörunin átti sér stað var hvorugur undaneldishundanna með gilt augnvottorð, né lá fyrir DNA próf gagnvart prcd-PRA hjá hvorugum hundanna. Þessi vottorð eru hluti þeirra gagna sem áskilin eru um heilsufarsskoðun hundakynsins og mikilvægt að þau liggi fyrir við pörun til þess að tryggj sé að hundarnir beri ekki með sér arfgengan augnsjúkdóm. Báðir hundarnir hafa nú verið skoðaðir og staðist skoðun nema í DNA prófi rakkans, þar sem fram kom að hann greindist sem PRA beri.

Það breytir þó ekki brotinu að hundarnir hafi staðist skoðun eftir á nægilega til að heimilt væri að para þá, það var ekki fyrirséð. Kærða hefur beðist afsökunar á brotinu og heitið því að halda reglur félagsins framvegis. Þá liggur það fyrir að kærða hefur ekki áður svo vitað sé gerst brotleg við grundvallarreglur fyrir félagsmenn í HRFÍ og þykir hæfilegt að áminna kærðu.

#### IV. Niðurstaða.

Kærða, Y telst hafa gerst brotleg við grein 2.6 í grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ.

Kærða er áminnt.

f.h. siðanefndar

---

Guðrún Margrét Baldursdóttir

---

Guðríður Þorbjörg Valgeirsdóttir

---

Kristín Sveinbjarnardóttir